

Betadeild

Starfsárið 2015–2016 hófst með haustferð en að þessu sinni var ferðinni heitið fram í Eyjafjarðarsveit. Fyrsta stopp var hjá listakonunni Höddu sem heitir fullu nafni Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir og býr í Fífilbrekku. Hún byrjaði á að ganga með okkur um landareign sína þar sem búið er að byggja hin ýmsu hús, stór og smá. Á einum stað er hún með býflugnarækt og sagði hún okkur ýmsar sögur í því sambandi. Eitt húsanna er með opið eldstæði, í öðru er stór kamína sem heldur því heitu og þar hefur Hadda haldið námskeið. Bauð hún okkur upp á heimagert fíflavín og te, í því húsi. Vinnustofan hennar heitir Dyngjan listhús og er glæsilegt hús þar sem hún er með vefstóla, listmuni o.fl. Eftir að hafa kvatt Höddu var haldið yfir á austurbakkann að Meðferðarheimilinu á Laugalandi. Þar var áður húsmæðraskóli en er nú meðferðarheimili fyrir stúlkur á aldrinum 13-18 ára. Tveir starfsmenn tóku á móti okkur og ein stúlka sem þar dvelur. Þar fengum við fræðslu um það frábæra starf sem þar er unnið en fæstar okkar vissu mikið um það. Eftir kynninguna héldum við á veitingarstaðinn Lamb-inn þar sem hinn formlegi fundur hófst. Eftir fund var snæddur dýrindis kvöldverður þar sem lambakjöt og bleikja var á boðstólum.

Þemað í vetur er það sama og seinasta starfsár og ber það yfirskriftina „Móðir jörð“. Tveir fundir voru fyrir áramót þar sem við fengum góða gesti í heimsókn.

Á fyrri fundinum var gestur kvöldsins Gígja Kjartansdóttir Kvam og fræddi hún okkur um fyrirtæki sitt Urtasmiðjuna. Fyrirtækið hefur hún starfrækt í 25 ár en það framleiðir snyrtivörur úr íslenskum jurtum. Hún byggir það á arfleið frá ömmu sinni og mömmu sem spáðu mikið í ýmis konar jurtir og var hún alin upp í þeim anda. Það var notanleg og góð kvöldstund sem við áttum með Gígju.

Gestur á seinni fundinum var Valgerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga. Hún ræddi um skógrækt á Íslandi og mikilvægar staðreyndir í tengslum við hana. Þetta var áhugavert og skemmtilegt erindi.

Í byrjun desember var sameiginlegur jólafundur hjá Beta– og Mýdeild. Á þeim fundi gæddu konur sér á góðum jólaréttum, hlýddu á tónlist og tal og áttu notalega stund saman. Þessi skemmtilega hefð skapaðist árið 2011 og hefur haldið síðan.

Starf Betadeildar á nýju ári hófst með hefðbundnum bóka fundi í janúar þar sem konur sögðu frá bókum sem þær höfðu lesið. Hefð er fyrir því á þessum fundi að velja tvær áhugaverðar bækur og ræða þær á óhefðbundnum fundi í mars. Þær bækur sem urðu fyrir valinu voru Ljós af hafi eftir M.L. Stedman og Stóri skjálfti eftir Auði Jónsdóttur. Betasystur hittust á veitingahúsinu Strikinu í mars, áttu saman góða kvöldstund og ræddu þessar bækur ásamt því að gæða sér á gómsætri kjúklingasúpu.

Á fundum deildarinnar í febrúar og apríl var hefðbundin dagskrá en auk þess hlýddu konur á áhugaverða fyrirlestra. Í febrúar var Halldóra Haraldsdóttir í Betadeild með fyrirlestur sem bar yfirskriftina „Frá Sólborg til HA – á einni starfsævi“. Þar rakti hún þróun og breytingar á skólastarfi þroskaheftra einstaklinga en Halldóra hefur starfað á því sviði nánast alla sína starfsævi. Í apríl fékk deildin til sín Kristínu Margréti Jóhannsdóttur en fyrirlestur hennar fjallaði um þróun íslenskrar tungu hjá Vestur Íslendingum. Hún, ásamt fleiri aðilum, hefur rannsakað þessa þróun og hvernig málið vestanhafs er smám saman að deyja út. Tveir ólíkir en áhugaverðir og fræðandi fyrirlestrar þar á ferð.

Lokafundur Betadeildar var haldinn í maí en á honum voru hefðbundin aðalfundarstörf og ný stjórn tilkynnt. Eftir að fundi lauk fóru konur saman út að borða og áttu notalega samverustund. Skemmtilegt er að enda vetrarstarfið á huggulegum nótum og tilhlökkun að byrja nýtt starfsár í haust með fjölbreyttum og áhugaverðum viðburðum.